

## §1 UPPBYGGING OG HUGSJÓN

FAbU, barna- og unglíngastarf Hjálpræðishersins á Íslandi, í Noregi og Færeyjum, eru sjálfstæð æskulýðssamtök. Við erum hluti af Hjálpræðishernum, alþjóðlegri evangelískri hreyfingu og hluti af hinni almennu kristnu kirkju. Boðskapurinn grundvallast á Biblíunni. Þjónustan er knúin af kærleika Guðs. Verkefnið er að boða fagnaðareriði Jesú Krists og í hans nafni mæta þörfum fólks án mismununar.

Hugsjón: Við viljum sjá börn og unglínga frelsast og gerast lærísveinar. Við viljum sjá þau taka þátt í lífandi kristnum félagsskap og lífa lífi sínu til dýrðar Guði.

Við viljum:

- Hjálpa börnum og unglíngum að upplífa og fylgja Jesú
- Einblína á Biblíuna sem leiðbeiningar fyrir kristna trú, kenningu og líf
- Veita börnum og unglíngum tækifæri til að uppgötva og þroska hæfileika sína og andlegar gjafir
- Hvetja börn og unglínga til að velja uppbyggilegt og vímulaust líf
- Leggja áherslu á kristilegan náungakærleik og skuldbindingu
- Byggja lífandi kristið samfélag

## §2 SKILGREININGAR

### 2.1 FAbU

Samheiti yfir meðlími, starf og viðburði í samtökunum Barna- og unglíngastarf Hjálpræðishersins á Íslandi, í Noregi og Færeyjum.

### 2.2 FAS Skátar Hjálpræðishersins

Sjálfstæð samtök undir FAbU.

### 2.3 FAbU Aðalskrifstofa (FAbU HK)

Skrifstofa sem fer með aðalstjórn FAbU í Noregi, á Íslandi og í Færeyjum. Skrifstofan ber ábyrgð á daglegum rekstri, hefur samband við yfirvöld og svæðishópa og vinnur út frá leiðbeiningum og samþykktum frá stjórn FAbU og FAbU-þinginu.

### 2.4 TUS

Æskulýðsritari umdæmisins.

### 2.5 SAMU

Samstarfsráðið, samstarfsvettvangur FAbU, FAS skátastarfs Hjálpræðishersins og forystu Hjálpræðishersins (móðurstofnunarinnar). Sjá. § 9.

### 2.6 FAbU svæðishópur (lokallag)

Hópur, eða samstarf hópa, í flokki. Allir svæðishópar skulu vera sjálfstæðir, hafa eigin stjórn og eigin samþykktir. Sjá § 5.

## 2.7 Sex ára áætlun

Stefnuskjal sem lýsir heildarmarkmiðum FAbU og áherslusviðum á tilgreindu tímabili.

## 2.8 Aðgerðaáætlun

Stefnuskjal sem lýsir aðgerðum til að ná markmiðum á sex ára áætlun.

## §3 MEÐLIMIR

3.1 Meðlimur í Barna- og unglíngastarfi Hjálpræðishersins er sá sem hefur sjálfur og af frjálsum vilja skráð sig í samtökin.

3.2 Allir teljandi meðlimir yfir 12 ára aldri hafa rétt á að hafa áhrif í samtökunum. Teljandi meðlimir eru þeir sem uppfylla kröfurnar í § 5.2 í leiðbeiningum fyrir Frifond samtökin, eru undir 26 ára aldri og hafa greitt árgjald. Árgjaldið skal að lágmarki samsvara því sem er lágmark samkvæmt leiðbeiningum Frifond.

3.3 Allir meðlimir skulu skráðir í meðlimaskrá á hverjum stað og tölur eru sendar árlega til miðlægrar meðlimaskrár.

3.4. Stjórn FAbU ber ábyrgð á því að meðlimaskráning fari fram samkvæmt leiðbeiningum yfirvalda.

## §4 STARF Á VEGUM FABU

4.1 Allt starf og allir viðburðir skulu vera í takt við hugsjón FAbU.

4.2 Allt starf og allir viðburðir skulu vera vímulausur og í samræmi við leiðtogaheftið „Í öruggum höndum.“

4.3 FAbU skal vera sýnilegur hluti af Hjálpræðishernum með því að nota búning og annað merktan klæðnað.

4.4 Spil um peninga eru ekki leyfileg í starfi á vegum FAbU.

## §5 FABU-ÁRSFUNDUR Í FLOKKNUM

5.1 FAbU-ársfundur í flokknunum er opinn fyrir alla FAbU meðlimi í svæðishópum, forráðamenn FAbU meðlima undir 15 ára aldri, alla leiðtoga og flokksleiðtoga. FAbU meðlimir 15 ára og eldri hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt, en aðrir hafa málfrelsi. FAbU-ársfundur skal halda einu sinni á ári.

5.2 Fundarboð skal senda út 1 mánuði fyrir fundinn. Dagskrá er unnin af stjórn/stjórnnum svæðishópa og send út að lágmarki 14 dögum fyrir fundinn.

5.3 FAbU-ársfundur kýs fundarstjóra, ritara og tvo einstaklinga til að skrifa undir fundargerðina.

5.4 FAbU-ársfundur

- ræðir sex ára áætlun FAbU

- og aðgerðaáætlun

- fjallar um innsend mál

- heldur kosningu

#### 5.5 FAbU-ársfundur velur

- fulltrúa á barna- og unglingaþing Hjálpræðishersins

- fulltrúa í önnur tilfallandi ráð og stjórnir

Kjörgengir eru meðlimir, ásamt leiðtogum, yfir 15 ára aldri.

### §6 BARNA- OG UNGLINGAÞING HJÁLPRÆÐISHERSINS (FABU-ÞINGIÐ)

6.1 Fulltrúar sem hafa málfrelsi, tillögu- og kosningarétt á barna- og unglingaþinginu eru kjörnir meðlimir í FAbU á hverjum stað, meðlimir stjórnar FAbU og meðlimir samstarfsráðsins.

Fjöldi fulltrúa flokkanna fer eftir fjölda FAbU meðlima.

1 – 25 meðlimir: 2 fulltrúar

26 – 50: 3 fulltrúar

51 – 75: 4 fulltrúar

76 – 100: 5 fulltrúar

101 +: 6 fulltrúar

Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði og það er ekki heimilt að framselja umboðið.

6.2 FAbU á hverjum stað getur einnig sent áheyrnarfulltrúa á FAbU-þingið. Starfsfólk á deildarskrifstofum og aðalskrifstofu FAbU hafa stöðu áheyrnarfulltrúa. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi.

6.3 Fundarboð skal sent út sex mánuðum fyrir þingið. Mál sem óskað er eftir að fjallað sé um, skal senda til aðalskrifstofu FAbU í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir þingið. Málsgögn skal senda út einum mánuði fyrir þingið.

6.4 Tveir fundarstjórar og tveir ritarar sem skrifa fundargerð eru valdir. Fundargerð er send til forystu Hjálpræðishersins, deildarstjóra, flokksleiðtoga, starfsmanna í barna- og unglingastarfi í flokkum og fulltrúa og áheyrnarfulltrúa á þinginu.

6.5 Þingið fjallar um tveggja ára skýrslu og innsend mál, og samþykkir sex ára áætlun og aðgerðaáætlun. Fjárhagsáætlun og bókhald eru kynnt til upplýsinga.

6.6 Þingið er haldið annað hvert ár.

6.7 FAbU-þingið velur:

- Formann og varaformann stjórnar FAbU
- Fulltrúa og varamenn stjórnar FAbU
- Formann, tvo fulltrúa og tvo varamenn í uppstillingarnefnd

Kosning fer fram þannig að kröfur um samsetningu stjórnar séu uppfylltar, sjá §7.1

## §7 STJÓRN BARNA- OG UNGLINGASTARFS HJÁLPRÆÐISHERSINS

Stjórn Barna- og unglिंगastarfs Hjálpræðishersins er kjörin forysta FAbU.

### 7.1 Samsetning stjórnar

Stjórn FAbU er kjörin á FAbU-þingi.

Stjórn FAbU samanstendur af:

- 5 fulltrúum frá að minnsta kosti þremur deildum í Noregi
- 2 varafulltrúum frá Noregi, í forgangs röð
- 1 fulltrúa með varamann frá deildinni Ísland og Færeyjar. Ef fulltrúar frá báðum löndum bjóða sig fram skal velja einn frá hvoru landi (fulltrúi frá einu landi og varamaður frá hinu).

Allir ofangreindir fulltrúar verða að vera meðlimir í FAbU og yfir 15 ára aldri. Að auki samanstendur stjórnin af eftirfarandi meðlimum:

- TUS

- 1 fulltrúa, með varamann, sem forysta Hjálpræðishersins útnefdir. Þennan fulltrúa skal helst útnefna fyrir FAbU-þingið.

- 1 fulltrúa, með varamann, sem stjórn Skátastarfs Hjálpræðishersins (FAS) útnefdir.

FAbU aðalskrifstofa útvegar ritara fyrir stjórnina. Ritarinn er ekki meðlimur stjórnarinnar.

Uppstillingarnefnd vinnur að því að tryggja jafnvægi í kynjahlutfalli.

7.2 Starfstími kjörinna og útnefndra fulltrúa er tvö ár. Fulltrúar geta verið endurkjörnir tvisvar sinnum svo hámarks starfstími er sex ár. Tímabilið hefst eftir FAbU-þingið og varir til og með næsta FAbU-þings tveimur árum seinna.

7.3 Fundarboð skal senda út með fjögurra vikna fyrirvara, og mál skal senda til formanns stjórnar tveimur vikum fyrir fund. Formaður setur upp dagskrá og sendir frá sér að minnsta kosti einni viku fyrir fund.

7.4 Formaður eða varaformaður stjórnarinnar skal vera hermaður.

7.5 Ef formaður segir sig úr stjórn áður en kjörtímabili lýkur, tekur varaformaður við og stjórn FAbU velur nýjan varaformann úr hópi stjórnarmeðlima. Ef varaformaður segir sig úr stjórn áður en kjörtímabilinu lýkur, velur stjórn FAbU nýjan varaformann úr hópi stjórnarmeðlima.

7.6 Á fundum stjórnarinnar er skrifuð fundargerð sem inniheldur ákvarðanir, ályktanir og aðalatriði úr umræðum. Meðlimir stjórnarinnar halda tryggð við samþykktir stjórnarinnar. Sýn minnihlutans má færa í fundargerð og það mögulega nafnlaust. Fundargerð sendist til upplýsinga til samstarfsráðsins, deildarstjóra, starfsmanna aðalskrifstofu FAbU, deildarskrifstofa, meðlima og varamanna stjórnarinnar.

7.7 Stjórn FAbU skal:

- Vinna sex ára áætlun, aðgerðaáætlun, tveggja ára skýrslu og önnur stefnuskjöl.
- Samþykkja fjárhagsáætlun og bókhald fyrir FAbU sem heild, byggt á eigin fé og opinberum styrkjum.
- Fylgja eftir og auðvela framkvæmd aðgerðaáætlunar og samþykta frá FAbU-þinginu.
- Halda sambandi við leiðtoga í flokkum og deildum.
- Fjalla um og tjá sig um viðeigandi mál.
- Kynna FAbU bæði innan Hjúpræðishersins sem utan.
- Ákveða lágmarksupphæð árgjalds fyrir teljandi meðlimi FAbU.
- Bera höfuðábyrgð á að verkferlar og gæðakerfi FAbU séu uppfærð.

7.8 Stjórnin fundar að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári. Stjórnin hefur ákvörðunarheimild þegar formaður eða varaformaður ásamt að lágmarki 4 öðrum meðlimum eru til staðar. Varafulltrúar eru kallaðir inn þegar kjörnir fulltrúar forfallast eða eftir því sem þörf krefur. Útnefndir fulltrúar, auk TUS, hafa persónulega varafulltrúa.

7.9 FAbU ber ábyrgð á að greiða útgjöld vegna vinnu stjórnarinnar.

## §8 UPPSTILLINGARNEFND

8.1 Uppstillingarnefnd samanstendur af leiðtoga, tveimur meðlimum og tveimur varameðlimum sem kjörnir eru á FAbU-þinginu. FAbU meðlimir yfir 15 ára aldri eru kjörgengir í uppstillingarnefnd.

8.2 Uppstillingarnefnd skal

- finna viðeigandi frambjóðendur í embætti formanns og varaformanns stjórnar FAbU
- finna viðeigandi frambjóðendur í aðrar stöður stjórnar FAbU
- finna viðeigandi frambjóðendur í næstu uppstillingarnefnd

8.3 Meðlimir uppstillingarnefndar geta ekki boðið sig fram í stjórn FAbU. Ef meðlimur uppstillingarnefndar vill bjóða sig fram í stjórn FAbU dregur viðkomandi sig úr uppstillingarnefnd.

8.4 FAbU ber ábyrgð á að greiða útgjöld vegna vinnu við störf uppstillingarnefndar.

## §9 SAMSTARFSRÁÐIÐ (SAMU)

9.1 Samstarfsráðið samanstendur af:

- TUS
- Formanni stjórnar FAbU
- Varaformanni stjórnar FAbU
- Skátaformanni fyrir FAS
- Varaformanni skáta FAS

- Umdæmisstjóra (Hjálpræðisherinn)

- Dagskrárstjóra (Hjálpræðisherinn)

Meðlimir ráðsins velja sína varamenn úr þeim hópum sem þeir eru fulltrúar fyrir.

9.2 Samstarfsráðið verndar gildi Hjálpræðishersins, fjallar um málsgögn fyrir skátapingið og FAbU-þingið og fer yfir viðeigandi fundargerðir. Samstarfsráðið getur einnig tjáð sig um ákveðin mál og senda stjórninni til umfjöllunar tillögur að breytingum á samþykktum.

9.3 Samstarfsráðið fundar að lágmarki þrisvar sinnum á ári. TUS boðar til fundar. Aðalskrifstofa FAbU útvegar ritara fyrir ráðið. Ritarinn er ekki meðlimur ráðsins.

9.4 Fundargerð sendist til meðlimum samstarfsráðsins, ásamt stjórn skátastarfsins og stjórn FAbU.

## §10 FJÁRHAGUR

10.1 Starf FAbU er greitt með aðstoð opinberra styrkja, árgjaldi frá meðlimum, fjármagni frá Hjálpræðishernum og öðrum styrkjum.

10.2 Aðalskrifstofa FAbU hefur eigin bókhald og fjárhagsáætlun. Bókhaldsdeild Hjálpræðishersins sér um bókhald aðalskrifstofu FAbU.

10.3 Löggildur endurskoðandi endurskoðar bókhaldið, ásamt alþjóðlegum endurskoðanda Hjálpræðishersins.

10.4 Fjárhagsáætlun og bókhald eru samþykkt af stjórn FAbU og kynnt fyrir FAbU-þinginu.

10.5 FAbU svæðishópar skulu skipulagðir með eigin fjármál og þiggja stuðning úr opinberum styrkjum í gegnum aðalskrifstofu FAbU (á eingöngu við um Noreg).

10.6 FAbU svæðishópar skulu fylgja gildandi verkferlum og reglum frá aðalskrifstofu FAbU varðandi úthlutun styrkja.

## §11 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

§11.1 FAbU-þingið getur samþykkt breytingar á samþykktum með 2/3 meirihluta.

§11.2 Við breytingu á §2 Skilgreiningar, breytast allar tilvísanir í samþykktunum.

§11.3 Breyttar samþykktir taka gildi þegar þinginu er lokið.